

10. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps 07.12 2010, Végarði kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Stjórn Búnaðarfélags Fljótsdalshrepps var væntanleg til fundar, en þeir afboðuðu komu sína.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

- 1. Skýrsla oddvita.**
- 2. Ákvörðun um útsvarsprósentu og álagningu fasteignagjalda á árinu 2011**
- 3. Laugarfell**
Verfundargerð 17.11 og 01.12
Vöktunarkerfi
- 4. Végarður**
Teikning Verkís og kostnaðaráætlun vegna breytinga í sal.
- 5. Lok afskriftartíma grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga, yfirfærsla eigna**
- 6. Nýr þjónustusamningur við Markaðsstofu Austurlands**
Bréf Markaðsstofu dags. 30.11
- 7. Skráning Landamerkja, tilboð Mannvits dags. 17.11**
- 8. Samningar vegna yfirtöku sveitarfélaga á Austurlandi á málefnum fatlaðra**
- 9. Málefni Minjasafns Austurlands**
 - a) Beiðni um viðbótarframlag dags. 29.11
 - b) Fundargerð eigenda Minjasafnsins 25.11
 - c) Afrit af bréfi safnsins til Borgarfjarðarhrepps dags. 29.11
- 10. Bréf**
 - a) Þjóðskrá, dags. 30.11
 - b) Plan 21 ehf, dags 26.11
 - c) RB Ráðgjöf dags. 22.11
 - d) Environice dags. 04.11
 - e) Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 17.11
 - f) Fljótsdalshérað dags. 18.11
 - g) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 08.11
- 11. Umhverfisstyrkir**
 - a) Skeggi Þormar
 - b) Gunnar Þórarinsson
 - c) Reynir E. Kjerúlf
 - d) Lára G. Oddsdóttir
 - e) Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfisdóttir
- 12. Fjárbeiðnir**
 - a) ÚÍA
 - b) Snorraverkefnið 08.11
 - c) Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna 22.11
- 13. Fundargerðir**
 - a) Húsnefnd Végarðs 01.12
 - b) Brunavarnir á Héraði 19.11 og 22.11, ásamt fjárhagsáætlun 2011
 - c) Fundargerð búfjárefnirlitsnefndar 16.12 2009 og 6. 12 2010
 - d) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 25.11
 - e) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 25.11
- 14. Stofnun einkahlutafélags um eignir til gistireksturs**

15. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2011, fyrri umræða

16. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita. Hreindýraarðsskrá liggur frami á skrifstofu sveitarfélagsins. Skila skal athugasemdum til Skrifstofu Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum fyrir 14. desember. Heildararður á jarðir í Fljótsdalshreppi er 13,6 millj., sem er tölverð lækkun frá fyrra ári.

Oddviti fundaði með skólastjóra Hallormsstaðaskóla, fræðslufulltrúa Fljótsdalshéraðs og fasteignafulltrúa Fljótsdalshéraðs 6. des. Farið var yfir framlagða fjárhagsáætlun skólans og rædd viðhalds- og eignamál, ásamt því að skoða húsnæðið. Framkvæmdum við að setja upp nýjan frystir í eldhúsi á að ljúka fyrir áramót, en HAUST hefur ítrekað gert athugasemdir við eldri frystir og frystirými í kjallara.

Starfshópur sem hefur oddviti setið í og unnið hefur að framkvæmd flutnings málefna fatlaðra til sveitarfélaga á starfssvæði SSA, hefur lokið störfum. Gert er ráð fyrir að á næstu dögum verði undirritaður nýr byggðasamlagssamningur um Skólaskrifstofu Austurlands, jafnframt því sem sveitarfélög á starfssvæði SSA gera með sér samstarfssamning um meðferð málefna fatlaðra. Í framhaldinu þarf að uppfæra þjónustusamninga viðkomandi sveitarfélaga á félagsþjónustusvæðunum tveimur, sem annast munu daglega þjónustu við notendur.

Sökum þess hve dregist hefur að Rarki fái afhenta rafstrengi vegna jarðstrengjaframkvæmda í Suðurdal hefur nú verið ákveðið að fresta framkvæmdum til vors. Eftir er að leggja ca 4 km

Formaður svæðisráðs Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs vill upplýsa sveitarstjórn um lagabreytingar sem stjórnvöld vinna að. Svo er að sjá að það eigi m.a. að minnka völd svæðisráða. Björn Ármann Ólafsson formaður svæðisráðsins býðst til að koma á fund sveitarstjórna til umræðu um málið.

---Samþykkt að fá Björn Ármann til fundar við sveitarstjórn.---

Ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps hefur skilað inn skýrslu til Menningarráðs Austurlands vegna úthlutaðs styrks til upplýsingaskiltagerðar á göngu-og söguslóðum í Fljótsdal.

Erlingur Guðjónsson/Tækniþjónusta Ella Rafvirkja hefur tekið við að þjónusta þau öryggiskerfi á Austurlandi sem eru vegum Öryggismiðstöðvar Íslands hf.

Þar sem útgáfa þess tölublaðs Icelandic Times sem fjallaði um sveitarfélög á Austurlandi dróst, samdi Markaðsstofa Austurlands um að sveitarfélögunum yrði bættur mögulegur skaði sem af drættinum hlaut, með því að fjallað verður sérstaklega um Austurland í öðru tölublaði sem væntanlegt er.

Ferðamálastofa styrkir aðeins til efniskaupa og varð því úthlutaður styrkur sem sveitarfélagið fékk aðeins um ¼ af þeirri upphæð sem upphaflega var úthlutað til lagfæringa á göngustíg að Hengifossi.

Veiðimálastofnun er að kanna áhrif smávirkjana á lífríki í vatni og óskar upplýsinga frá sveitarfélögunum um smáar vatnaflsvirkjanir (< 10 MW).

Fljótsdalshreppur styrkti útgáfu Sögukorta Austurlands á árinu 2008. Nýverið bárust 20 eintök af kortinu, en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að sveitarfélagið fengi 120 eintök.

Óbyggðanefnd hefur sent sveitarfélaginu Ársskýrslu óbyggðanefndar fyrir árið 2007. Ritið er um 1100 bls.

Markaðsstofa Austurlands hefur sent til kynningar þjónustukort og smábók sem gefið var út á þessu ári.

Einnig hafa borist ársskýrslur Samtaka náttúrustofa og Vinnumálastofnunar, fyrir árið 2009

2. Ákvörðun um útsvarsprósentu, álagningu fasteignagjalda o.fl. á árinu 2011.

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2011 verði óbreytt þ.e. 12% , en með fyrirvara um að nauðsynlegar lagabreytingar nái fram á ganga á Alþingi um tilfærslu þjónustu við fatlaða frá ríki til sveitarfélaga og hækkun útsvarshlutfalls um 1,20% sem af því leiðir, verður álagningarhlutfallið 13,20 % á árinu 2011.

Álagningarprósenta fasteignaskatts 2011, A - 0,40% B - 1,32% C - 1,65%

Samþykkt að í gildi verði óbreyttar reglur um afslátt fasteignaskatts og gjalddagaregla óbreytt.

Rotþró- og sorphirðugjöld óbreytt 2011.

Samþykkt að greiða áfram leikskólagjöld fyrir börn úr sveitarfélagsinu í leikskólanum Skógarseli , þ.e. án fæðis- og foreldrafélagsgjalda.

Reglur um frístundastyrki samþykktar óbreyttar fyrir 2011.

Samþykkt að styrkir til námsmanna árið 2011 verði kr. 75.000- á önn, þ.e. hækkun um kr. 5000, - á önn .Að öðru leyti gilda óbreyttar reglur 2011.

Samþykkt að reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa verða óbreyttar árið 2011.

Samþykkt að halda áfram að úthluta umhverfisstyrkjum árið 2011 skv sömu reglum og árið 2010.

3. Laugarfell

Verfundargerð 17.11 og 01.12. Kynntar.

Vöktunarkerfi. Samþykkt að leita leiða til að fjölga vöktunarmöguleikum.

4. Végarður

Teikning Verkís og kostnaðaráætlun vegna breytinga í sal. Kynntar tillögur Verkís á opnun milli sala. Stefnt að framkvæmdum í janúar. Verktaki verður Magnús Þórarinnsson.

5. Lok afskriftartíma grunnskóla frá ríki til sveitarfélaga. Yfirfærsla eignarhluta ríkisins í grunnskólahúsnaði til sveitafélaga. Oddvita falið fyrir hönd sveitarfélagsins, að undirrita skjöl er varða yfirfærslu vegna Hallormsstaðaskóla.

6. Nýr þjónustusamningur við Markaðsstofu Austurlands

Bréf Markaðsstofu dags. 30.11. Samþykkt fyrirbyggjandi drög og oddvita falið að skrifa undir nýjan samning.

7. Skráning Landamerkja, tilboð Mannvits dags. 17.11. Frestað að taka tilboðið til formlegrar afgreiðslu, þar sem von er á fleiri tilboðum.

8. Samningar vegna yfirtöku sveitarfélaga á Austurlandi á málefnum fatlaðra.
Samþykkt að fela oddvita að undirrita samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. Málefni Minjasafns Austurlands

- a) Beiðni um viðbótarframlag dags. 29.11. Samþykkt viðbótarframlag að upphæð kr. 248.391-
- b) Fundargerð eigenda Minjasafnsins 25.11. Kynnt.
- c) Afrit af bréfi safnsins til Borgarfjarðarhrepps dags. 29.11. Kynnt.

10. Bréf .

- a. Þjóðskrá, dags. 30.11. Varðar lögheimilisflutninga frá, til og innan sveitarfélagsins.
- b. Plan 21 ehf, dags 26.11. Kynnt.
- c. RB Ráðgjöf dags. 22.11. Kynnt.
- d. Environice dags. 04.11. Kynnt.
- e. Samgöngu-og sveitarstjórnarráðuneytið dags. 17.11. Varðar skil á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga.
- f. Fljótsdalshérað dags. 18.11. Varðar byggingarleyfisumsókn í Fjallaskarði. Skipulags- og mannvirkjanefnd samþykkir að fresta afgreiðslu þar til samþykki forsætisráðherra liggur fyrir skv. ákv 3. gr. laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.
Leitað hefur verið til lögmanns sveitarfélagsins vegna úrvinnslu málsins.
- g. Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 08.11. Varðar framhald verkefnis um hagsmunagæslu í úrgangsmálum. Samþykkt að taka þátt í verkefninu áfram. Áætlaður árlegur kostnaður er kr. 1.600- fyrir þátttöku Fljótsdalshrepps.

11. Umhverfisstyrkir

- a. Skeggi Þormar. Umsókn samþykkt.
- b. Gunnar Þórarinsson. Umsókn samþykkt.
- c. Reynir E. Kjerúlf. Umsókn samþykkt.
- d. Lára G. Oddsdóttir. Umsókn samþykkt.

Gunnþórunn vék af fundi

- e. Jósef Valgarð og Gunnþórunn Ingólfsdóttir. Umsókn samþykkt.

Gunnþórunn kom aftur til fundar.

12. Fjarbeiðnir

- a. ÚÍA. Samþykkt að kaupa auglýsingu í Snæfelli fyrir kr. 12.000-
- b. Snorraverkefnið 08.11. Hafnað.
- c. Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna 22.11. Hafnað.

13. Fundargerðir

- f) Húsnefnd Végarðs 01.12. Kynnt.

- g) Brunavarnir á Héraði 19.11 og 22.11, ásamt fjárhagsáætlun 2011. Kynntar. Fjárhagsáætlun samþykkt.
- h) Fundargerð búfjárefirlitsnefndar 16.12 2009 og 6. 12 2010. Kynntar. Samþykkt að fá fulltrúa sveitarfélagsins í nefndinni á fund.
- i) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 25.11. Kynnt.
- j) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 25.11. Kynnt.

14.Stofnun einkahlutafélags um eignir til gistireksturs. Sveitarstjórn samþykkir að stofna einkahlutafélag um eignir sveitarfélagsins sem byggðar eru til gistireksturs.

15.Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2011, fyrri umræða. Áætlunin yfirfarin og vísað til annarrar umræðu sem stefnt er að verði milli jóla og nýjárs.

16.Önnur mál

- a) Með vísan í fyrri umræður um mögulega endurútgáfu á “ Fljótsdalsbæklingi” samþykkir sveitarstjórn að fá Helga Hallgrímsson til þess að vinna að endurútgáfu bæklingins og stefna að því að bæklingurinn verði tilbúinn á næsta ári. Gert verði ráð fyrir 2,5 millj. framlagi til verksins í fjárhagsáætlun.
- b) Fulltrúi Orkuseturs , ásamt fulltrúa Þróunarfélagsins verða í heimsókn í Végarði á morgun 8. des kl. 17.00
- c) Kostnaður og efnisvinnsla vegna endurbóta á vegi að Laugarfellsskála nemur alls um 10 millj. kr.

Fundi slitið kl. 19.10

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)